

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 54. stjórnarfundur.

Stjórnarfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn 9. febrúar í Hermes Reyðarfirði.
Hófst fundurinn kl 15:00.

Mætt eru: Jósef Friðriksson, Gunnlaugur Sverrisson, Marianna Jóhannsdóttir sem mætti sem fyrsti varamaður, Jón Halldór Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Tveir aðalmenn eru ekki mættir að þessu sinni, Ágústa Björnsdóttir og Björn H. Sigurbjörnsson. Jósef Friðriksson var kjörinn formaður stjórnar á síðasta aðalfundi SKA og aðrir stjórnarmenn einnig.

Jósef setti fundinn og gengið var til dagskrár.

Dagskrá.

1. Stjórnarkjör
2. Starfsmannamál
3. Önnur mál

1. Stjórnarkjör

Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Gunnlaugur Sverrisson var einróma kjörinn vara formaður stjórnar. Jón Halldór Guðmundsson var kjörinn ritari stjórnar.

2. Starfsmannamál

Forstöðumaður greindi frá stöðunni í starfsmannamálum. Annar kennsluráðgjafi skrifstofunnar mun fljótlega hefja töku fæðingarorlofs. Forstöðumanni er falið að ráðstafa stöðunni eins og verkefnastaða gefur tilefni til.

3. Önnur mál

- A. Ágústa Björnsdóttir stjórnarmaður í Skólaskrifstofunni hefur 20. desember 2004 sagt sig úr stjórn Skólaskrifstofunnar, þar sem hún hefur tekið við starfi útibússtjóra í KB-banka. Stjórnin þakkar Ágústu fyrir gott samstarf.
- B. Forstöðumaður greindi frá því að verið væri að kanna þörf fyrir vinnu talmeinafræðings eða talþjálfun. Full skil á gögnum í þessari könnun eru ekki komin, en þau gögn sem komin eru sýna mikla þörf, að minnsta kosti um 100 börn þurfa meiri eða minni þjónustu talmeinafræðings. Um er að ræða þörf fyrir þjálfun eða meðferð í grunn- og leikskólum. Niðurstöður úr könnuninni verða sendar sveitarfélögunum á starfssvæðinu þar sem þess verður óskað að þau greini frá því hvernig þau hyggist bregða við þessari þörf.
- C. Forstöðumaður greindi frá því að unnið er að undirbúningi fyrir endurmenntunarnámskeið sem ætlunin er að bjóða upp á í sumar. Námskeiða val er m.a. byggt á tillögum frá skólunum á svæðinu.
- D. Forstöðumaður fékk heimild til að leita að húsnæði fyrir tilfallandi vinnustöð á Fljótisdalshéraði fyrir starfsmenn skrifstofunnar.
- E. Forstöðumaður vakti athygli á skýrslunni „Breytt námskipan til stúdentsprófs“. Í þeirri skýrslu er gert ráð fyrir því að hluti námsefnis sem nú er tekið fyrir á framhaldsskólastigi færist niður í grunnskólann, þannig að ástæða er til að sveitarfélögin fylgist með umræðu um málið.

- F. Forstöðumaður greindi frá málefnum tölvubúnaðar og verið er að skoða högun hýsingar gagna.
- G. Forstöðumaður greindi frá fjárhagsstöðu skrifstofunnar. Útlit er fyrir að rekstur skrifstofunnar árið 2004 verði innan fjárhagsáætlunar.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundir slitið

Jón H. Guðmundsson (sign)
Jósef Friðriksson (sign)
Marianna Jóhannsdóttir (sign)
Gunnlaugur Sverrisson (sign)
Sigurbjörn Marinósson (sign)